Akureyri, 13. apríl 2021

**Pétur Ingi Haraldsson**
Sviðsstjóri Skipulagssviðs

# Grímsey – vindmyllur

## Ósk um heimild til að breyta Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030

Fyrir hönd Fallorku hf. 600302-4180 óskar undirritaður eftir heimild til að hefja vinnu við breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 í Grímsey.

Fallorka hefur í hyggju að reisa tvær 6 kW vindmyllur í Grímsey sumarið 2021 en allt að sex vindmyllur til framtíðar. Möstrin á vinmyllunum verða 9 m á hæð og spaðarnir 5,6 m í þvermál, hæsti punktur frá jörðu er því tæplega 12 m. Gert er ráð fyrir að fjarlægð á milli mastra verði á bilinu 30-50 m.

Gert er ráð fyrir að vindmyllurnar verði miðsvæðis á austurhluta eyjarinnar en á svæðinu eru þegar fjarskiptamöstur og tæknibúnaður.

Á svæðinu er skilgreint athafnasvæði merkt AT20 í gildandi aðalskipulagi sem er 0,4 ha að stærð. Óskað er eftir því að þegar skilgreint athafnasvæði AT20 stækki í um 1,0 ha og að innan svæðisins verði heimilt að reisa allt að 6 vindmyllur sem lýst er hér að ofan.

Hér að neðan er tafla um athafnasvæði AT20 í greinargerð gildandi aðalskipulags.

| **Merking** | **Heiti** | **Svæði** | **Stærð ha** | **Lýsing og sérákvæði reita** |
|---|---|---|---|---|
| AT20 | Svæði fyrir miðjum austurhluta eyjarinnar | Grímsey | 0,4 | Fjarskiptamastur. Ódeiliskipulagt. Ekki eru fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi reitsins. |

Landslag ehf. hefur umsjón með gerð breytingar á aðalskipulagi fyrir Fallorku.

Óskað er eftir að þetta erindi þetta verði tekið fyrir á næsta fundi skipulagsráðs.

F.h. Landslags ehf.

**Ómar Ívarsson**
Skipulagsfræðingur SFFÍ

**Landslag ehf**
Kaupangi v/Mýrarveg - 600 Akureyri